



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ

4. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2022, MIÐVIKUDAG 5. OKTÓBER KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir fleiri en fimm dögum á önn. Umsóknir um leyfi fá ekki endanlega afgreiðslu fyrr en í lok annar. Samþykkt leyfisumsókna er háð því að skólasókn sé að minnsta kosti 97% fyrir utan þá 1-5 daga sem sótt er um leyfi fyrir.

Umsækjendum er bent á að ef fjarvera er lengri en fimm dagar er ólíklegt að viðkomandi nái 97% skólasókn á önninni.

Skólaráð leggur áherslu á að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu er hjá nemandanum.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Lagt var fram uppgjör eftir nýnemaballið og kom það út réttu megin við núllið. Nú þegar er farið að undirbúa FG-Flensborgardaginn sem fyrirhugaður er í íþróttahúsinu við skólann 20. okt. Svo er undirbúningur hafinn við Salsaball í annarri viku miðannar þ.e. seinni hluta nóvember. Rætt var um rekstur útvarps FG í vikunni fyrir Salsaball og ábyrgð útvarpsstjóra. Umræða skapaðist um hvort hægt væri að fella niður kennslu fyrstu 40 mín. daginn eftir og mun verða atkvæðagreiðsla um það á næsta skólaráðsfundi. Skiptar skoðanir voru á málinu meðal fundarmanna.

3. Önnur mál

Foreldraráð vill senda valfrjálsan greiðsluseðil til foreldra til að standa straum af verðlaunum í edrúpott nemenda og fræðslu á önninni.

Opni fundurinn með nemendum á sal gekk vel og þar gátu m.a. stjórnir NFFG, leikfélagsins Verðandi og Hins egin félagsins kynnt starfsemi sína.

Fundinn sátu:

Aðalheiður Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara
Andri Bergmann Ísaksen forseti NFFG
Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi
Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Kristinn Þorsteinsson skólameistari
Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri
Máni Þór Guðmundsson fjármálastjóri NFFG
Sigrún Fjóla Hilmarsdóttir fulltrúi kennara
Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari
Tinna Ösp Arnadóttir félagsmálafulltrúi